

Fundur í fagraði nautgriparæktar 15. desember 2016

Fundargerð

Fundurinn var símafundur og hófst kl. 10.00.

Mættir: Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Gunnar Kr. Eiríksson, Pétur Diðriksson, Þórarinn Leifsson, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Baldur Helgi Benjamínsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Björn S. Gunnarsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning
2. Nýtt kynbótamat
3. Besta naut árgangsins 2009
4. Erfðamengisúrval - staða
5. Reglugerðarbreyting vegna þróunarsjóðs
6. Staða Lbhí
7. Önnur mál

1. Fundarsetning

Guðný Helga, formaður, setti fund og stýrði honum. Fundargerð, dags. 19 .október 2016, samþykkt án athugasemda, en áður hafði hún verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Nýtt kynbótamat

Guðmundur fór yfir niðurstöður kynbótamatsins sem var keyrt núna í nóvember og desember. Breytingar á einkunnum reyndra nauta í notkun eru veigalitrar og því ákveðið að hreyfa ekki við þeim að þessu sinni. Afkvæmadómi nauta f. 2010 ekki lokið enda yngstu nautin ekki komin með alveg nægjanlega fjölda dætra með afurðaupplýsingar.

3. Besta naut árgangsins 2009

Bolti 09021 frá Birtingaholti 4 í Hrunamannahreppi valinn besta naut fætt 2009 á Nautastöð Bf. Bolti hefur verið að styrkja sína stöðu og stendur núna með 108 í heildareinkunn. Hann gefur stórar og háfættar kýr sem mjólka mikið, hafa góða júgurgerð og eru góðar í mjóltum.

4. Erfðamaengisúrval – staða

Baldur Helgi fór yfir heimsókn sína ásamt Guðmundi Jóhannessyni og Jón Hallsteini Hallssyni til Danmerkur. Tilgangur fararinnar var að kynna stöðu á erfðamengisúrvali í danskri nautgriparækt og hvaða ályktanir mætti draga af henni við þróun og mögulega innleiðingu á slíkum aðferðum í héraðri nautgriparækt. Farið var í rannsóknamiðstöð Árósháskóla á Foulum á Jótlandi, en þar starfa nokkrir af fremstu vísindamönnum á þessu sviði í heiminum. Þá var yfirmaður Norræna kynbótamatsins (Nordisk Avlsværdivurdering) heimsóttur og rætt við einn af yfirmönnum kynbótafélagsins VikingGenetics, sem er samvinnufélag nautgripabænda í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Einnig var fyrirtækið Genoskan A/S heimsótt en það sérhæfir sig í meðhöndlun og

greiningu á DNA sýnum úr búpeningi, allt frá nautgripum til býflugna. Til að fá sýn bænda á þessa aðferðafræði, heimsóttum við dr. Morten Hansen, sem ásamt fjölskyldu sinni rekur 260 kúa bú í Vra á Norður Jótlandi.

Baldur Helgi sagði Danina hafa verið algjörlega sammála um að þetta væri mögulegt í okkar stofni en taka þyrfti DNA-sýni úr verulegum hluta kúastofnsins. Hann fór yfir nokkur atriði sem fram komu í heimsóknunum, sérstaklega varðandi hvað gera þyrfti héraendis í framhaldinu. Eitt af því sem fram kom var að nákvæmni skýrsluhaldsins þarf að vera enn meiri en áður. Einnig rakti hann stutlega hvaða áhrif þessi aðferðafræði hefur haft í Danmörku.

Fyrstu skref héraendis eru að taka HD-sýni úr 48 nautum til greiningar til staðfestingar á að þetta sé mögulegt og hvort þær flögur sem til eru gagnist ekki örugglega erfðamengi íslenska kúastofnsins. Því næst þarf að hefja söfnun sýna úr a.m.k. 5 þús. kúm til greiningar og myndunar á viðunandi stórum viðmiðunarhópi. Þar yrði eingöngu horft til hjarða þar sem haldið væri reglulegt, gott og nákvæmt skýrsluhald því að öðrum kosti gætum við búið til mjög alvarlegar skekkjur.

Baldur Helgi yfirgaf fundinn að undir þessum lið.

Í framhaldinu fór fram þó nokkur umræða um nákvæmni skýrsluhaldsins og leiðir til þess að bæta það. Þar kom fram að í heildina er skýrsluhald héraendis í góðum málum með örfáum undantekningartilvikum sem skoða þarf nánar til þess að koma í gott horf.

5. Reglugerðarbreyting vegna þróunarsjóðs

Guðný fór yfir drög að breytingu á reglugerð er fjallar um þróunarsjóð nautgriparæktarinnar, umsóknir, úthlutanir og umfjallanir fagráðs. Þetta væri tilkomið vegna vanhæfisreglna og í meginráttum er breytingin sú að Framleiðnisjóði verði heimilt að afgreiða umsóknir án umsagnar fagráðs þegar það reynist vanhæft. Hún sagðist hafa komið þeim ábendingum á framfæri að mjög skýrt kæmi fram að Framleiðnisjóður hafi einungis heimild til að afgreiða umsókn ef fagrád er vanhæft.

6. Staða Lbhí

Guðný og Pétur fóru yfir stöðu mála hjá Landbúnaðarháskóla Íslands en fulltrúar hans höfðu m.a. komið á fund stjórnar BÍ auk þess að lýsa áhuga á því að stofna til starfshóps um málefni skólans með aðkomu landbúnaðarins, m.a. með skipan fulltrúa frá fagráði. Staðan væri grafalvarleg þar sem skólinn væri í fjárhagsvandræðum auk þess sem ágreiningur væri innan skólans um leiðir og þá kannski einkum varðandi sameinigu við Háskóla Íslands eins og menntamálaráðherra hefur verið áfram um. Þrátt fyrir það hefði skólinn áhuga á því að reyna að efla starfið með nýliðun og upplýsingaflæði landbúnaðarins að leiðarljósi, t.d. með vinnu áður nefnds starfshóps.

Rætt um málefni Landbúnaðarháskólans og fram kom að t.d. væri mikið leitað til RML varðandi rannsóknir sem væri ekki hlutverk RML. Þá væri mikið leitað til RML varðandi kennslu og hlutverk sem leiðbeinendur við BS-verkefni við Landbúnaðarháskólann. Því miður virtist mannfæð hamla skólanum þannig að innan veggja hans væri ekki að finna þann mannauð að hann gæti sinnt skyldu sinni sem rannsókn- og menntastofnun með nægilega öflugum hætti.

Fagrád í nautgriparækt getur ekki annað en lýst áhyggjum af stöðu mála innan Landbúnaðarháskólans og taka verði á bæði skipulagi og fjárhagsstöðu skólans til þess að tryggja raunhæfa og góða menntunarkosti fyrir íslenskan landbúnað héraendis. Ekki þarf að fjölyrða um

hversu alvarlegur og mikill missir væri að því fyrir landbúnaðinn ef rekstur landbúnaðarskóla legðist af hérlendis.

7. Önnur mál

Þórarinn nefndi hvort það væri sjálfvirkt að sía kýrsýni úr gögnum sem væru óeðlileg í efnainnihaldi og/eða óeðliega stutt frá burði. Gunnfríður sagði að þau væru lesin inn í Huppu en síuð frá við vinnslu kynbótamats. Guðmundur bæti við að inn í Huppu væru ekki lesin inn sýni sem víkja óeðlilega mikið frá eðlilegum gildum hvað varðar fitu- og próteinhlutfall.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðný Helga Björnsdóttir

Guðmundur Jóhannesson

Gunnar Kr. Eiríksson

Pétur Diðriksson

Þórarinn Leifsson

Baldur Helgi Benjamínsson

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 19. október 2016
2. Niðurstöður kynbótamats í des. 2016
3. Áfram um erfðamengi, grein eftir BHB
4. Breytingar á skýrsluhaldi í nautgriparækt: Skýrsluhald skilyrði fyrir greiðslum, grein eftir GJ